

Börnin sem kvíða jóluum

Birt í Mbl. 4. desember 2007

Jólin, hátíð barnanna eru að koma. Tilhlökkun og eftirvæntingu er þó ekki að finna í hjörtum allra barna. Hópur barna kvíðir nefnilega jóluum. Þar á meðal eru börn foreldris/foreldra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Í þessari grein langar mig að fjalla sérstaklega um börn foreldra sem hafa litla eða enga stjórn á áfengisneyslu sinni. Um jól drekka þessir foreldrar oft meira en ella þar sem á aðventunni og jólahátíðinni eru mannfagnaðir og félagslegar uppákomur gjarnan tíðari.

Í aðdraganda jóla og á jóluum sjálfum líður barni alkóhólistans oft illa. Ástand foreldris sem á við drykkjuvanda að stríða og aðstæður sem það skapar veldur því að dýrðarljómi hátíðarinnar fær á sig gráan blæ og tilhlökkunin verður kvíðablandin.

Sjúkdómurinn alkóhólisti spyr ekki hvort það er sunnudagur, afmælisdagur fjölskyldumeðlims, aðfangadagur jóla eða páskadagur. Börnin sem kvíða nú jóluum vegna drykkjuvanda foreldris eru farin að hugsa um hvernig ástandið verði heima um þessi jól. Sum börn hafa lifað mörg jól þar sem drykkja foreldris hefur sett svartan blett á hátíðina og nú óttast þau að ástandið verði eins um þessi jól. Þau biðja og vona innra með sér að allt verði í lagi enda þótt reynslan hafi e.t.v. kennt þeim að varast ber að treysta nokkru þegar áfengi er annars vegar. Þau velta einnig vöngum yfir því hvort það sé eitthvað sem þau geti gert til að mamma eða pabbi drekki ekki ótæpilega á aðfangadagskvöld eða á öðrum dögum jólahátíðarinnar.

Mörgum þessum börnum finnst þau ekki geta rætt um kvíða sinn og áhyggjur við nokkurn mann. Það er vegna þess að þeim hefur í ótal tilfellum verið kennt með beinum eða óbeinum hætti að um þetta má ekki tala. Sjúkdómurinn meðvirkni sem herjar einna helst á aðstandendur alkóhólista nær einnig að festa rætur í hjörtum barna þeirra eins og hjá mökum margra alkóhólista. Fjölskyldan og heimilislífið verður að líta vel út á yfirborðinu þótt vandinn kraumi innan veggja heimilisins. Hversu illa sem börnum virkra alkóhólista líður gleyma þau því ekki að um drykkjuskapinn heima má helst enginn vita. Þau halda þess vegna áfram að láta sem allt sé í himnalagi eins lengi og þess er nokkur kostur.

Því miður er meðvirknin, með feluleikinn í fararbroddi, oft svo yfirþyrmandi að jafnvel þótt einhver í fjölskyldunni sé farinn að sýna alvarleg einkenni andlegrar- og líkamlegrar vanlíðunar reynist það sumum fjölskyldum samt um megn að horfast í augu við rót vandans og leita viðeigandi lausna.

Þess á milli sem kvíðahnúturinn í maga barna virkra alkóhólista herpist við tilhugsunina um hvort mamma eða pabbi verði drukkin um jólin reyna þau að gleyma sér og taka þátt í jólastemningunni. Óhjákvæmilega bera þau heimilislíf sitt saman við heimilislíf t.d. vina sinna þar sem sambærilegur vandi er ekki til staðar. Þau horfa á fólksvalausa gleði og tilhlökkun vinanna og óska þess að þau geti líka áhyggjulaus hlakkað til jólanna. Við svo óhagstæðan samanburð upplifa börn alkóhólistans eigin örlög enn bitrari. Tilfinning á borð við skömm, vanmátt og vonleysi grípur um sig og þau spyrja sig hvort ástandið heima kunnir jafnvel að vera þeim að kenna, vegna þess að þau hafi ekki verið nógu þæg eða dugleg börn?

Ég vil skora á foreldra, bæði þá sem eiga við áfengisvandamál að stríða og maka þeirra, að setja sig í spor barna sinna og skynja hvernig það er fyrir litlar sálir að þurfa að kvíða jóluum af því að pabbi eða mamma og stundum jafnvel báðir foreldrarnir verða kannski ölvuð um jólin. Sé vandinn einvörðungu hjá öðru foreldrinu er ábyrgð þess foreldris sem ekki drekkur mikil. Það er á valdi þess foreldris sem ekki drekkur að skapa börnum sínum öruggar aðstæður þar sem þau geta átt áhyggjulausa tilveru. Að halda upp á jólin í athvarfi eða á heimili vina eða vandamanna gætu orðið gleðilegri jól fyrir börn sem búa

við þær heimilisaðstæður sem hér hefur verið lýst. Minningar um jól þar sem áfengisneysla foreldris réði ríkjum eru minningar sem seint ef nokkurn tímann